

Stjórnarfundur FEB nr. 434
Fimmtudagur 21.11.2019

Mætt: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir,
Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ri-
taði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Sverrir Hermann Pálmarsson og Jóhanna Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Sigríður Sigurbjörnsdóttir, Kári Jónasson

Sigur

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð 433 samþykkt og undirrituð.
2. Deloitte úttekt. Til fundarins var boðað þar sem fyrstu drög að skýrslu Deloitte hafa
borist og voru send til stjórnarmanna í gær. Rætt var um helstu niðurstöður skýrslunnar
og ýmsar spurningar vöknuðu um innihald og efnistök hennar sem samþykkt var að
SHP tæki saman og sendi Deloitte. Samþykkt að fá skýrsluhöfunda frá Deloitte til að
kynna skýrsluna fyrir stjórn þegar hún er tilbúin. Efni hennar verði jafnframt kynnt fyrir
þeim félögum í byggingarnefnd sem þess óska. Í framhaldi af því verði stefnt að félags-
fundi um miðjan desember þar sem niðurstöður skýrslunnar verða kynntar.
Undir þessum lið kynnti SHP hugmynd um nýtt fyrikomulag bókhalds félagsins. SHP
falið að ganga frá samningi við Deloitte um uppgjör vegna ársins 2018.
3. Uppstillingarnefnd. Sjöfn Ingólfssdóttir, Guðrún Árnadóttir og Páll Halldórsson skipi upp-
stillingarnefnd. Sjöfn kallar nefndina saman.
4. Áframhaldandi undirbúningur aðalfundar. Samþykkt að stefna að aðalfundi 13. febrúar
2020. Rætt um að fá góða fyrirlesara á aðalfund eftir venjuleg aðalfundarstörf.
5. Skipan í Öldungaráð. Formaður Ellert B. Schram lagði til að Jóhanna Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri yrði varamaður í öldungaráði. Samþykkt.
6. ÓÖI sagði frá óskum Janusar Guðlaugssonar um að mæta á fund stjórnar til að kynna
Heilsueflingarverkefni sem FEB hefur sótt styrk til úr Lýðheilsusjóði. Rætt um næsta
formlega stjórnarfund þegar dagsetning liggur fyrir.
7. GÁ gerði að tillögu sinni að erindi í kjölfar aðalfundarstarfa 13.febrúar myndi fjalla um
hjúkrunarheimili stöðu þeirra og vandamál. Talið mikilvægt að ákveða sem fyrst til að
undirbúningur verði sem vandaðastur og horfi til lausna ekki síður en að kortleggja
stöðuna. Samþykkt að vinna að.
8. Önnur mál. EBS og RB sóttu fund í Velferðarnefnd vegna frumvarps um heilabilaða.
9. Næsti fundur boðaður þegar skýrsla Deloitte er tilbúin.

Fundi slitið 11.20

ÓÖI